

Nd.

177. Frumvarp til laga

[104. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 300 kr. verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 150 kr. fyrir hvern mink.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1951 flutti landbúnaðarnefnd Nd. frv. um breytingu á lögum um eyðingu refa og minka. Var þar lagt til, að skotlaun fyrir hlauparefi yrðu hækkuð og sömuleiðis greiðslur fyrir að vinna minka. Frv. varð þá ekki útrætt.

Á síðasta búnaðarþingi var málið til unnræðu, og samþykkti þingið þá tillögu um að hækka verðlaunin upp í 300 kr. á ref og 150 kr. á mink. Eru tillögur búnaðarþings um upphæðirnar teknar upp í frumvarp þetta.

Um nauðsyn þess að eyða dýrbít í landinu þarf ekki að fjölyrða, og um minkinn má segja eitthvað í sömu átt, þar sem hans hefur orðið vart.

Fylgiskjal.

Ályktun frá búnaðarþingi 1954.

Mál nr. 17 og 34.

Erindi Búnaðarsambands Vestfjarða um bann gegn minkaeldi í landinu og erindi Jóhannesar Davíðssonar um hækkun á verðlaunum fyrir skotnar hlaupatófur.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum:

Þar sem grenjavinnslukostnaður í landinu er að verða gífurlega hár, eða 700—800 krónur á hvert unnið dýr, skorar búnaðarþing á Alþingi að breyta lögum nr. 56 frá 25. maí 1949, 8. gr., á þá leið, að skotlaun fyrir unna hlauparefi verði kr. 300.00 á hvert dýr og kr. 150.00 fyrir mink.

Jafnframt vill búnaðarþing vekja athygli hreppsnefnda og sýslunefnda á þeirri skyldu, er á þeim hvílir samkv. 2. og 3. gr. nefndra laga um útrýmingu refa og minka. Einnig skorar búnaðarþing á sýslunefndir að gera sérstakar ráðstafanir í þessum efnum, þar sem um víðáttumikil eyðilönd er að ræða.

Enn fremur felur búnaðarþing stjórn Búnaðarfélags Íslands að sjá um, að hér verði á boðstólum góðar og langdrægar byssur til refaveiða.